

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 22. júní 2007 í máli nr. Q-1/2007:

**A, B C, D og E**

*(Eiríkur Elís Þorláksson hdl.)*

**gegn**

**F**

*(Ólafur Eiríksson hrl.)*

**I**

Málið barst dóminum 4. janúar sl. og var þingfest 19. sama mánaðar. Það var tekið til úrskurðar 30. maí sl.

Sóknaraðilar eru A, B, C, D og E

Varnaraðili er F

Sóknaraðilar krefjast þess að ógild verði dæmd breyting á kaupmála X og varnaraðila 28. júní 1991 og erfðaskrá þeirra frá sama degi. Einnig er þess krafist að ógild verði dæmd breyting á kaupmála sama fólks 17. apríl 1996 og erfðaskrá þeirra frá sama degi. Þá er krafist málskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað og sér úrskurðaður málskostnaður.

**II**

X, móðir sóknaraðila og eiginkona varnaraðila, lést 27. september 2004 og var bú hennar tekið til opinberra skipta 11. febrúar 2005. X og varnaraðili gengu í hjónaband 1973, hún var þá ekkja með 6 börn, en hann fráskilinn og átti þrjú börn. Þau áttu ekki börn saman. X og varnaraðili höfðu gert með sér kaupmála og erfðaskrá 1982. Samkvæmt þeim löggerningi átti fasteign, 15% hlutafjár í .....hf., innbú og bifreið að verða séreign X, en aðrar eignir hjúskapareignir. Í erfðaskrárhlutunum var gert ráð fyrir setu hins langlífara í óskiptu búi, það átti líka að taka 1/3 hluta eigna hins skammlífara í arf og loks var ákvæði er jafnaði erfðarétt barnanna þannig að erfðahlutur þeirra allra yrði jafn eftir lát X og varnaraðila.

Með tveimur gerningum 28. júní 1991 breyttu þau X og varnaraðili framan greindum löggerningi. Annars vegar var breyting á kaupmálanum og segir þar:

“Séreign mín, F, skal vera hlutafé mitt í ..... hf., nú að nafnvirði 787.500.00, auk þeirra jöfnunarhlutabréfa sem út kunna að verða gefin. X á engin hlutabréf í .....hf. Kaupmáli þessi fellur niður við andlát F ef hann andast á undan X.” Þetta skjal er vottað af hæstaréttarlögmanni og fært í Kaupmálabók Borgarfógeta sama dag og það var gert. Hins vegar gerðu þau X og varnaraðili erfðaskrá þennan sama dag og er hún svohljóðandi: “1. gr. Það okkar sem lengur lifir á rétt til setu í óskiptu búi með stjúpnidjóm sínum svo lengi sem það óskar. 2. gr. Að hinu langlífara okkar látnu skal eignum okkar ráðstafað þannig að erfingjar F skulu fá í sinn hlut öll hlutabréf hans í ..... hf. og persónulega muni hans en erfingjar X skulu fá í sinn hlut allar aðrar eigur okkar. 3. gr. Með erfðaskrá þessari fellur úr gildi erfðaskrá okkar dagsett 4. ágúst 1982 sem staðfest var hjá notarii publici í Reykjavík 25. nóvember 1982.” Í 4. gr. var svo ákvæði um að arfur eftir þau skyldi verða séreign erfingjanna. Undir erfðaskrána rita þau X og varnaraðili og þar á eftir er svohljóðandi vottorð: “Ár 1991 28. júní var undirritaður lögbókandi staddur á skrifstofu sinni að Skógarhlíð 6 hér í borg. Komu þá fyrir hann hjónin X og F bæði til heimilis að ...götu í Reykjavík, sönnuðu á sér deili og lögðu fram þessa erfðaskrá sem þau undirrituðu í viðurvist minni. Gerðu þau það af fúsum og frjálsum vilja og kváðu erfðaskrána hafa að geyma vilja sinn.” Undir vottorðið ritar lögbókandinn í Reykjavík.

Aftur breyta þau X og varnaraðili kaupmálanum frá 1982 17. apríl 1996. Samkvæmt honum voru séreignir X íbúð í Reykjavík og sumarhús í Borgarfirði auk inneignar á bankabók. Séreignir varnaraðila voru hlutabréf í tveimur félögum, bifreið, bankareikningur og fasteignaveðbréf. Innbú þeirra var sameign. Þá er ákvæði um að vextir og arður verði séreign þess sem eignina á. Fellt er úr gildi ákvæði um að kaupmálinn falli niður við andlát varnaraðila og loks er kveðið á um að lifi varnaraðili X skuli honum heimilt að búa endurgjaldslaust á heimili þeirra og nýta sumarhúsið, enda annist hann rekstur fasteignanna.

Sama dag, 17. apríl 1996, gerðu þau nýja erfðaskrá og felldu með henni úr gildi fyrri erfðaskrár. Í erfðaskránni vísa þau til þess að þau hafi með kaupmála gert allar eignir sínar, að innbúi undanskildu, að séreignum og skuli börn X erfa eignir hennar og börn varnaraðila eignir hans. Loks afsala þau sér arfi hvort eftir annað, sbr. 28. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Dánarbú X var tekið til opinberra skipta að kröfu barna hennar sem eru sóknaraðilar málsins. Eitt barna X er látið og hafa börn þess ekki látið málið til sín taka. Á skiptafundi kom upp ágreiningur um gildi framangreindra gerninga frá 1991 og 1996. Sóknaraðilar töldu móður sína ekki hafa verið andlega hæfa til að ráðstafa eignum sínum á þann hátt sem gerningarnir kveða á um og ætti því að líta fram hjá þeim við skiptin. Þessu hafnaði varnaraðili. Skiptastjóra tókst ekki að jafna ágreininginn og vísaði málinu til dómsins.

### III

Sóknaraðilar byggja í fyrsta lagi á því, hvað varðar erfðaskrána frá 1991, að formannmarkar séu á vottun hennar og beri varnaraðili því sönnunarbyrðina fyrir því að hún sé gild, sbr. 2. mgr. 45. gr. erfðalaga. Í öðru lagi er byggt á því að X hafi ekki verið svo heil heilsu andlega að hún hafi verið fær um að gera hina umdeildu

löggerninga með skynsamlegum hætti. Í þriðja lagi er á því byggt að varnaraðili hafi með misneytingu fengið X til að gera löggerningana. Loks er byggt á því að beita eigi 33. gr. og/eða 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Varnaraðili byggir á því að leggja beri framangreinda löggerninga til grundvallar skiptum á dánarbúi X. Þetta séu formlega réttir gerningar og er sérstaklega vísað til þess að erfðaskráin frá 1991 sé vottuð af lögbókanda sem tiltaki að X hafi ritað undir hana af fúsum og frjálsum vilja og jafngildi það vottorði um andlegt heilbrigði. Þá er á því byggt að X hafi verið svo heil heilsu andlega á þessum árum að hún hafi verið fullfær um að gera þessa gerninga með skynsamlegum hætti. Loks er á því byggt að með kaupmálunum hafi X og varnaraðili verið að leiðrétta misvægi sem komið hafi upp á milli þeirra með gerð kaupmálans 1982, en þá hafi allar eignir þeirra verið gerðar að séreign hennar fyrir mistök. Varnaraðili hafi komið með hlutabréf í búið og því verið eðlilegt að þau yrðu séreign hans.

#### IV

Í 42. gr. erfðalaga segir hvernig erfðaskrá skuli vottuð og hvaða atriði eigi að koma fram í vottorðinu. Í 43. gr. sömu laga segir að í áritun notarii publici á erfðaskrá skuli geta sömu meginatriða og greind eru í 42. gr. Hér að framan var tekið upp vottorð lögbókandans í Reykjavík á erfðaskrána frá 28. júní 1991. Þar er þess að vísu ekki getið að X og varnaraðili hafi verið svo heil heilsu andlega að þau hafi verið hæf til að gera erfðaskrá, sbr. 2. mgr. 42. gr. erfðalaga. Hins vegar hefur ekki verið sýnt fram á annað en vottorðið sé eins og tíðkanlegt hafi verið að lögbókendur vottuðu erfðaskrár og í vottorðinu felist það mat lögbókandans að arfleifendur hafi uppfyllt skilyrði 42. gr. erfðalaga. Samkvæmt þessu er það niðurstaða dómsins að erfðaskráin frá 28. júní 1991 sé vottuð í samræmi við ákvæði erfðalaga og vottorð lögbókanda hafi það sönnunargildi sem um getur í 1. mgr. 46. gr. erfðalaga, sbr. 3. mgr. 71. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Við aðalmeðferð gáfu tveir sóknaraðila skýrslu svo og tengdamóðir eins sóknaraðilans. Varnaraðili gaf skýrslu og sonur hans og tengdadóttir. Framburður þessa fólks var, sem vænta má í málum sem þessum, mjög á þann veg að sóknaraðilar töldu móður sína hafa verið farna að sýna merki andlegrar hrörnnunar þegar árið 1991 og hlyti það að hafa haft áhrif á gerð löggerninganna sem þá voru gerðir. Tengdamóðirin tók að nokkru undir það. Varnaraðili, sonur hans og tengdadóttir báru hins vegar að ekki hefði neitt slíkt verið merkjanlegt í fari X á þessum tíma. Það er niðurstaða dómsins að framburður aðila málsins og vitna, sem eru þeim svo nátengd, geti ekki komið til álita við úrlausn þess og verður hann því ekki rakinn frekar.

Kemur þá að því álitaefni hvort X hafi verið svo heil heilsu andlega að hún hafi verið fær um að gera hina umdeildu löggerninga með skynsamlegum hætti. Meðal gagna málsins eru sjúkraskýrslur og önnur gögn frá læknum varðandi heilsu far hennar, en þau ná ekki aftur til ársins 1991. Eins og rakið verður hér á eftir leitaði hún til læknis haustið 1995 og bar þá merki kölkunar og taldi varnaraðili að hún hefði farið að sýna merki um hana tveimur til þremur árum fyrr. Engin vitni

hafa verið leidd um heilsufar hennar á árinu 1991, ef frá eru skilin þau sem að framan voru nefnd. Það er því niðurstaða dómsins að ósannað sé að andlegri heilsu X hafi verið á þann veg farið árið 1991 að hún hafi ekki verið fær um að gera erfðaskrána og kaupmálann á skynsamlegan hátt.

Jón Snædal, læknir og sérfræðingur í öldrunarlækningum, kom fyrir dóminn og bar um heilsufar X. Hann kvaðst hafa séð hana fyrst 29. september 1995 er hún hafi komið til hans í fylgd eiginmanns síns, varnaraðila. Tílefnið var að hún var með vaxandi minnistap sem ástæða þótti til að skoða nánar. Jón bar að hann hafi rætt við hana og hafi varnaraðili verið viðstaddur fyrri hluta viðtalsins, en svo hafi hann rætt við hana eina, lagt fyrir hana próf og skoðað. Varnaraðili hafi síðan komið aftur inn og hafi honum verið kynnt niðurstaðan og rætt við þau um hvað gera skyldi. Jón kvað varnaraðila hafa haft áhyggjur af því hversu gleymin hún var orðin og einnig hversu kvíðin og órugg hún hafi verið og hafi hann haft áhyggjur af því. Varnaraðili hafi sagt að á þessu hafi farið að bera tveimur til þremur árum fyrr og væri svo komið að hún væri verkkvíðin og hrædd við heimilistæki. Þetta væri breyting frá því áður, en hún hafi verið myndarleg húsmóðir. Jón kvað áður hafa verið leitað læknis vegna líkamlegra kvilla hennar og einnig að tekin hafi verið tölvusneiðmynd af heila á vegum heimilislæknis, en hann kvaðst ekki hafa vitað um niðurstöðu myndatökunnar í viðtalinu. Í viðtalinu kvað Jón hana hafa áttað sig á því að það var haust en að öðru leyti vissi hún ekki um tímann, eins og hvaða mánuður var eða vikudagur og hún mundi ekki hvaða ár var. Þetta hafi bent til þess að hún hafi verið illa áttuð í tíma. Þá hafi hún ekki getað lýst heilsufari sínu og hafi því upplýsingar um það verið fengnar frá varnaraðila.

Í framhaldi af viðtalinu kvaðst Jón hafa látið taka myndir af heila hennar, annars vegar tölvusneiðmynd og hins vegar ísótópaskanna sem sýnir í stórum dráttum hvernig heilinn starfar og þar með hvort þar séu svæði sem farin séu að dofna. Á tölvusneiðmyndinni hafi sést að hún hefði fengið heilablóðfall og enn fremur hafi rannsóknin sýnt að þetta svæði í heilanum var dautt. Á þessum tíma hafi hins vegar ekki verið hægt að fullyrða að hún væri með Alzheimer sjúkdóm. Raunar væri ekki heldur hægt að fullyrða að hún hafi verið haldin honum síðar. Hins vegar hafi hún verið skilgreind sem kólkuð, það er með verulega heilabilun sem orsakast hafi af heilablóðfallinu. Þetta var niðurstaðan haustið 1995 en ekki sé hægt að segja til um hversu lengi þetta hafi hrjáð hana. Athugun á afleiðingum heilablóðfallsins bendi til að þegar hún varð fyrir því, hafi það ekki lýst sér með neinum stórkostlegum einkennum og hún hafi því ekki verið skoðuð á þeim tíma. Það hafi einnig getað farið fram hjá hennar nánustu, en frásögn varnaraðila af því að farið hafi að bera á framangreindum einkennum hjá henni tveimur til þremur árum fyrr geti vel tengst því að þá hafi hún fengið heilablóðfallið. Aðspurður hvaða afleiðingar þetta hafi haft fyrir hana til að taka ákvarðanir, t.d. í fjármálum, kvað Jón hana algerlega vera háða því hvaða upplýsingar hún fengi, hún gæti ekki tekið sjálfstæðar ákvarðanir, heldur byggði á því sem henni væri sagt þá stundina. Hún hefði ekki getað lagt á minnið frá einni stund til annarrar það sem væri að gerast og þar af leiðandi fengi hún ekki samhengi í hlutina. Frekar aðspurður um ástand hennar haustið 1995 bar Jón að hún hefði ekki getað farið út í verslun eða banka til að reka erindi og ekki verið fær um að eiga flókin samskipti, hún hefði hins vegar getað annast um einföldustu atriði daglegs lífs heima hjá sér. Jón kvaðst síðast hafa séð hana í byrjun febrúar 1996 og ekki hafa upplýsingar um hana eftir þann tíma, nema frá öðrum læknum. Það var mat Jóns að hún hefði ekki getað ráð stafað fjármálum sínum nema með upplýsingum frá öðrum.

Með framburði Jóns Snædal, sem fær stuðning í sjúkraskýrslum og læknaþréfum sem eru meðal gagna málsins, er sannað að andlegri heilsu X var á þann veg farið 17. apríl 1996 að hún hefur ekki verið fær um að gera erfðaskrá og kaupmála með skynsamlegum hætti. Þegar af þessari ástæðu verður fallist á kröfu sóknaraðila og þessir löggerningar úrskurðaðir ógildir.

Stendur þá eftir að taka afstöðu til þeirra málsástæðna sóknaraðila hvort varnar aðili hafi fengið X til að gera löggerningana 1991 með misneytingu og hvort ákvæði 33. gr. og/eða 36. gr. samningalaga eigi við um þá og þeir séu af þeirri ástæðu ógildanlegir.

Í 31. gr. samningalaga segir að hafi nokkur maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða léttúð eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér hagsmuna eða áskilja sér þá þannig að bersýnilegur mismunur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því er fyrir þá kom eða skyldi koma, eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds, skal gerningur sá, er þannig er til kominn, ógildur gagnvart þeim aðila er á var hallað með honum. Í 33. gr. sömu laga segir að löggerning, sem ella mundi talinn gildur, getur sá maður, er við honum tók, eigi borið fyrir sig ef það yrði talið óheiðarlegt vegna atvika sem fyrir hendi voru þegar löggerningurinn kom til vitundar hans og ætla má að hann hafi haft vitneskju um og í 36. gr. segir að samningi megi víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósamngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Áður var þess getið að varnaraðili og X gerðu með sér kaupmála og erfðaskrá á árinu 1982. Ekki verður annað séð en að samkvæmt þeim löggerningi hafi allar eigur búsins orðið séreign X. Með kaupmálanum 1991 voru hlutabréf í .....hf. gerð að séreign varnaraðila. Aðrar eignir voru áfram séreign X. Varnaraðili bar að þegar þau X giftust hafi hann komið með hlutabréfin í búið en hún átt íbúð. Með kaupmálabreytingunni hafi þau verið að leiðrétta mistök sem hefðu verið gerð 1982 þegar hlutabréfin hafi verið gerð að séreign hennar.

Sóknaraðilar hafa ekki sýnt fram á að atriði þau, sem rakin voru hér að framan úr samningalögunum hafi átt við um móður þeirra og samskipti hennar við varnaraðila á árinu 1991. Hvorki hafa verið leidd vitni né gögn lögð fram er sýnt geta fram á slíkt. Dómurinn hafnar því þeim málsástæðum sóknaraðila að varnaraðili hafi með misneytingu fengið X til að gera löggerningana á árinu 1991. Með sömu rökum er því einnig hafnað að víkja þeim til hliðar.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið er fallist á þá kröfu sóknaraðila að erfðaskrá og kaupmáli X og varnaraðila frá 17. apríl 1996 skuli vera ógildir en hafnað þeirri kröfu þeirra að samskonar löggerningar frá 28. júní 1991 skuli ógildir.

Málskostnaður skal falla niður.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

**Úrskurðarorð**

Erfðaskrá og kaupmáli sem X og varnaraðili, F, gerðu með sér 17. apríl 1996  
skulu ógild.

Málskostnaður fellur niður.

Arngrímur Ísberg

-----